

15. febrúar 2018

Tillaga:

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela tækni- og umhverfissviði ásamt upplýsingadeild að skoða þær lausnir sem í boði eru í átt til frekari snjallvæðingu sveitarfélagsins.

Greinargerð:

Fjórða iðnbyltingin er hafin og tæknin þróast á ógnarhraða. Þessu fylgja ógnanir og tækifæri. Tækifærin felast í því að við nýtum okkur tæknina til framfara. Til er ný útfærsla ljósastaura, snjallstaura, sem eru ekki aðeins ljósastaurar heldur rafhleðslustöð, eftirlitsmyndavél, veðurathugunarmælir, wi-fi sendir og skynjarar. Í notkun eru róbótar sem slá gras, merkja fótboltavelli og moka snjó. Hægt er að bjóða upp á stuðningsþjónustu í fjarbúnaði, komnar eru tæknilausnir fyrir kennara og nemendur sem hjálpa til við að opna og efla skólastarf. Nýjar leiðir í upplýsingaveitum og rafræn samskipti við alla íbúa Garðabæjar styttir leiðir, eflir þjónustu og auðveldar samskipti. Lagt er til að tækni- og umhverfissvið ásamt upplýsingadeild sveitarfélagsins taki saman minnisblað þar sem þær lausnir sem eru í boði eru kannaðar frekar ásamt kostnaði og mögulegum tímalínunum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir